



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 11. september 2024

MSS24090024

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um stöðu mála vegna framtíðaruppbyggingar skóla í Laugardal

Á fundi borgarráðs 5. september 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um stöðu mála vegna framtíðaruppbyggingu skóla í Laugardal og þeirra sviðsmynda sem voru til skoðunar. Síðast þegar fréttist af málinu þá höfðu þær sviptingar orðið að sviðsmynd 1 átti að varpa fyrir róða fyrir sviðsmynd 4 (afbrigði af sviðsmynd 3) sem mikill meirihluti íbúa og skóla í Laugardal hafði hafnað. Þessar sviptingar komu eins og blaut tuska í andlit íbúa í Laugardal. Viðbrögð létu ekki á sér standa og kallað var aftur eftir umsögnum. Síðan ekki söguna meir.

Greinargerð fylgdi.

Svar:

Vinna við undirbúning framtíðaruppbyggingar skóla- og frístundastarfs í Laugardal er í fullum gangi. Verið er að vinna úr innsendum umsögnum, athugasemdum og ábendingum frá foreldrum, íbúum og öðrum hagaðilum í hverfinu. Taka þær m.a. til fagstarfs í skóla- og frístundamálum, húsnæðismála, uppbyggingar í hverfinu og samgangna. Stefnt er að fyrirlögn málsins hjá ráðum borgarinnar í október nk.



Reykjavík